

ERINDISBRÉF FYRIR STÝRIHÓP VERKEFNIS UM HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Á AKRANESI

Markmið með stofnun stýrihópsins

Stýrihópurinn er stofnaður í aðdraganda þess að Akraness stígur fyrstu skref í að verða Heilsueflandi samfélag. Umrætt verkefni tekur mið af heilsu og vellíðan allra íbúa í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum. Í Heilsueflandi samfélagi er unnið markvisst lýðheilsustarf með lýðheilsuvísa, gátlista og önnur viðeigandi gögn til að meta stöðuna með tilliti til þarfa íbúa á öllum æviskeiðum og forgangsraða í samræmi við þá greiningu. Unnið er heildstætt með áhrifaþætti heilbrigðis og er meginmarkmið starfsins að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa á Akranesi.

Leiðarljós Heilsueflandi samfélags:

- Virk þátttaka samfélagsins í heild með aðkomu helstu hagsmunaaðila.
- Starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.
- Valda ekki skaða (*do no harm*) með því að huga ávallt að áhrifum starfsins á andlega, líkamlega og félagslega heilsu og vellíðan allra íbúa.
- Jöfnuður til heilsu með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka tillit til viðkvæmra hópa.
- Sjálfbærni með áherslu á starf og árangur til lengri tíma litið.

Ábyrgðaraðili

Bæjarráð.

Fulltrúar í stýrihópnum

Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, fulltrúi skóla- og frístundasviðs

Hrefna Rún Ákadóttir, fulltrúi almennrar félagsþjónustu

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, fulltrúi ÍA

Ívar Orri Kristjánsson, fulltrúi frístundar

Katrín Leifsdóttir, fulltrúi grunnskólanna

Laufey Jónsdóttir, málsvari aldraðra

Sigríður Kristín Gísladóttir, Fulltrúi HVE

Sigrún Vigdís Gylfadóttir, fulltrúi leikskólanna

Sindri Birgisson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

Sylvía Kristinsdóttir, málsvari fatlaðra - starfar í Fjöliðjunni

Verkefni stýrihópsins

Verkefni starfshópsins er eftirfarandi:

- Gera tillögu um lýðheilsustefnu Akraness.
- Vinna aðgerðaráætlun í samræmi við stefnu um Heilsueflandi samfélag. Aðgerðir skulu vera tímasettar, kostnaðarmetnar og ábyrgðaraðilar tilgreindir.
- Halda uppi virku upplýsingastreymi og kynningum um Heilsueflandi samfélag á heimasíðu Akraneskaupstaðar og íbúasíðunni Skagalíf.
- Vinna og kynna ársskýrslu Heilsueflandi samfélags á Akranesi.

Ráðgjöf og samstarf

Starfshópurinn getur leitað ráðgjafar eftir þörfum hjá þeim sem hafa sérþekkingu eða reynslu af viðfangsefni hópsins á hverjum tíma. Kostnaður vegna slíkrar vinnu skal rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni. Aukafjárveitingar eru samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um gerð viðauka.

Starfstími

Stýrihópurinn starfar frá hausti 2019 og er starfandi sem lengi sem samningur er í gildi milli Akraneskaupstaðar og Embættis Landlæknis um Heilsueflandi samfélag. Stýrihópurinn skal reglulega kynna framvindu starfsins fyrir bæjarstjórn og skal jafnframt árlega útbúa skýrslu um stöðu verkefnisins og gera aðgengilega á vef Akraneskaupstaðar.

Verklag

Stýrihópurinn skal starfa samkvæmt reglum um stofnun starfshópa hjá Akraneskaupstað.

Verkefnastjóri annast eftirfylgni mála á milli funda. Stýrihópurinn skal funda að jafnaði á þriggja vikna fresti. Á fundum skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Stýrihópurinn er ólaunaður.

Samþykkt í bæjarráði 24.10.2019.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Sævar Freyr Þráinsson

bæjarstjóri